



Forgreining á innviðapörf í þjóðgarði á sunnanverðum Vestfjörðum



Vestfjarðastofa
Verkefnisstjórar: Magnea Garðarsdóttir, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir og Agnes Arnardóttir
Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði
www.vestfiridir.is

Forsíðumynd: Edda Kristín Eiríksdóttir

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Verkefnið.....	6
2.1	Forsaga þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum	6
2.2	Verkefnalýsing.....	7
3	Ferðapjónusta á svæðinu	8
3.1	Gistinætur á Vestfjörðum	8
3.2	Framtíðarspá	8
3.3	Ferðapjónustan og ný ferðamannaleið	9
3.4	Áætlanir og ferðapjónustan	10
3.4.1	Landsáætlun	10
3.4.2	Framkvæmdasjóður ferðamannastaða.....	11
3.4.3	Áfangastaðaáætlun Vestfjarða	11
3.4.4	Ferðamál Stefna Vesturbyggðar	12
4	Forgreining innviða þjóðgarðs	14
4.1	Staðsetning gestastofa og þjónustustig	14
4.1.1	Þingeyri	14
4.1.2	Hrafseyri.....	15
4.1.3	Mjólka	15
4.1.4	Brjánslækjarhöfn	16
4.1.5	Vatnsfjörður	16
4.2	Aðgengi, stígagerð og hreinlætismál í þjóðgarðinum	17
4.2.1	Akandi	17
4.2.2	Gangandi	18
4.2.3	Ríðandi	18
4.2.4	Hjólandi	19
4.2.5	Siglandi	19
4.2.6	Hreinlætismál.....	19
4.3	Merkingar í þjóðgarðinum, þ.m.t. upplýsinga- og fræðsluskilti.....	20
4.4	Mannaflaþörf	21
4.4.1	Staðan í dag.....	21
4.4.2	Nýr þjóðgarður.....	21
5	Drög að verkefnaáætlun uppbyggingar	23

6	Umræða	24
7	Næstu skref	25
8	Heimildaskrá	26

Myndaskrá

Mynd 1 - Kort af fyrirhuguðum þjóðgarði á sunnanverðum Vestfjörðum.....	6
Mynd 2 - Þjóðhagsspá Íslandsbanka 2021	8
Mynd 3 - Vestfjarðaleiðin.....	9

1 Inngangur

Þjóðgarður er friðlýst svæði sem talin eru njóta ákveðinnar sérstöðu út frá náttúru eða menningu. Lítt snortin náttúrusvæði sem hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eða landslag þar sem litið er til mikilvægi svæðisins í menningarlegu eða sögulegu tilliti. Þjóðgarður er tæki til aðgangsstyringar til náttúruverndar en þjóðgarður á einnig að tryggja almenningi aðgang að svæðinu til útivistar og fræðslu og því skiptir máli hvaða innviðir eru til staðar og hvað þarf að bæta.

Í þessari forgreiningu innviða vegna þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum er farið gróflega yfir þá innviði sem ertu til staðar og ástand þeirra metið, ásamt því að greina hvaða innviði þarf að byggja upp. Settir eru upp valkostir og hugleiðingar sem snúa að þeim. Farið var yfir þau gögn sem snúa að svæðinu og viðtöl tekin við ýmsa aðila.

Mikilvægt er að líta á þessa greiningu sem fyrsta stig á heildargreiningu sem liggur fyrir í september 2021.

2 Verkefnið

2.1 Forsaga þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum

Í byrjun ársins 2020 hófst vinna með Vesturbyggð, Ísafjarðarbæ og Umhverfisstofnun um mögulega stækkun á Náttúruvættinu Dynjanda og Friðlandinu í Vatnsfirði. Fljótlega komu fram hugmyndir um að tengja verndarsvæðin saman í eitt stærra friðlýst svæði vegna náttúru-, sögu- og menningarverðmæta, sem eru allt umlykjandi á þessu svæði. Í kjölfarið var ákveðið að stofna stærri samstarfshóp og bættust fulltrúar forsætisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Landgræðslusjóðs í hópinn.

Á meðfylgjandi korti, mynd 1, má sjá svæðið sem er 349 km² að flatarmáli. Svæðið sem um er að ræða eru friðlýstu svæðin Vatnsfjörður, Dynjandi og Surtarbrandsgil, ríkisjarðirnar Brjánslækur, Sperðlahlíð, Dynjandi og Hrafnseyri og einnig er þar jörðin Langibotn sem er í eigu Landgræðslusjóðs¹.



MYND 1 - KORT AF FYRIRHUGUÐUM ÞJÓÐGARÐI Á SUNNANVERÐUM VESTFJÖRÐUM

¹ Heimasíða Umhverfisstofnunar

2.2 Verkefnalýsing

Tilgangur verkefnisins er að greina hvaða innviðir eru til staðar og meta ástand þeirra, ásamt því að greina hvaða innviði þarf að byggja upp vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum. Forgreiðingun verður nýtt sem efniviður í viljayfirlýsingu umhverfis- og auðlindaráðherra, Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar um innviðaáætlun í þjóðgarðinum.

Verkefninu þjóðgarður á sunnanverðum Vestfjörðum hefur verið úthlutað 5 milljónum króna úr landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarminjum til að greina innviðaþörf í þjóðgarðinum. Forgreiðingun er fyrsti hluti þeirrar greiningar. Stefnt er að því að heildargreiðing liggja fyrir í september 2021.

Meginmarkmið

Að þróun og uppbygging innviða og þjónustu í þjóðgarði á sunnanverðum Vestfjörðum byggi á heildstæðri greiningu og mati sem unnið er í samráði við helstu hagaðila.

Framkvæmd

Ábyrgð: Umhverfisstofnun

Framkvæmd: Vestfjarðastofa í samvinnu við Umhverfisstofnun.

Aðrir þátttakendur: Ísafjarðarbær, Vesturbyggð, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, forsætisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Landgræðslusjóður.

Viðfangsefni forgreiðingar:

- Staðsetning, æskilegt þjónustustig og umfang þjónustu við ferðamenn og aðstaða fyrir starfsmenn þjóðgarðsins.
- Stígagerð í þjóðgarðinum.
- Merkingar í þjóðgarðinum, þ.m.t. upplýsinga- og fræðsluskilti.
- Mannaflaþörf.
- Drög að verkefnaáætlun uppbyggingar.

Verklok 12. maí 2021.

3 Ferðapjónusta á svæðinu

Til að greina hvaða innviði og hvernig uppbygging þarf að eiga sér stað í fyrirhuguðum þjóðgarði, þarf að byrja á að skoða núverandi stöðu varðandi ferðapjónustu og áætlun um fjölda gesta á svæðið sem og hvaða önnur uppbygging er í gangi á svæðinu. Einnig þarf að skoða aðrar áætlanir sem eru innan ferðapjónustunnar á Vestfjörðum sem gætu haft áhrif á svæðið og innviði.

3.1 Gistinætur á Vestfjörðum

2017	2018	2019
212.212	192.278	216.780

Þegar skoðaðar eru skráðar gistinætur fyrir Vestfirði voru árið 2018 192.278 gistinætur og 216.780 gistinætur árið 2019 sem er aukning um 12,74% milli ára².

Árið 2018 voru Vestfirðir með 2,3% af heildarfjölda gistinátta fyrir landið allt og 2,6% fyrir árið 2019. Það hefur lækkað síðustu ár en árið 2015 var það 3,4%, 3,1% árið 2016 og 2,6% árið 2017³.

2015	2016	2017	2018	2019
3,4%	3,1%	2,6%	2,3%	2,6%


Þegar þetta er skrifað eru tölur fyrir árið 2020 ekki komnar inn hjá Hagstofu en ráðgert að birta þær 25. maí 2021. Það má þó gera ráð fyrir því að árin 2020 og 2021 verði öðruvísi vegna Covid faraldurs.

3.2 Framtíðarspá

Mikil óvissa er um hvernig þróun ferðapjónustunnar verður eftir Covid heimsfaraldur og kemur fram í þjóðhagsspá Íslandsbanka, sem gefin var út í janúar 2021, að komur ferðamanna á komandi misserum geri gæfumuninn á því hversu hratt hagkerfið réttir úr kútnum að nýju eftir Covid-faraldur.

Í spá Íslandsbanka er unnið með þrjár sviðsmyndir, dekkri spá, grunn spá og bjartari spá. Í grunnspá er gert ráð fyrir að 700 þúsund ferðamenn komi hingað til lands árið 2021, að langstærstum hluta á seinni hluta ársins. Á næsta ári 2022 er gert ráð fyrir 1,3 milljónum ferðamanna og einni og hálfri milljón árið eftir, 2023⁴. Sjá mynd 2.

Fjöldi erlendra ferðamanna eftir árum þúsundir



MYND 2 - ÞJÓÐHAGSSPÁ ÍSLANDBANKA 2021

² Tölur frá Hagstofu Íslands

³ Tölur frá Hagstofu Íslands og úr Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

⁴ Þjóðhagsspá Íslandsbanka Janúar 2021

3.4 Áætlanir og ferðaþjónustan

Helstu áætlanir og sjóðir sem koma að uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu eru Landsáætlun, Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, Áfangastaðaáætlun og Ferðamálastefna Vesturbyggðar. Þessar áætlanir hafa bein eða óbein áhrif á svæðið og innviði.

3.4.1 Landsáætlun

Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er stefnumarkandi tólf ára áætlun, sem fjallar um stefnumótun vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Í henni eru sett fram markmið um stýringu og sjálfbæra þróun, vernd náttúru og menningarsögulegra minja, öryggismál, skipulag og hönnun og ferðamannaleiðir. Samhliða stefnumarkandi landsáætlun er í gildi verkefnaáætlun til þriggja ára, en þar eru settar fram tillögur að verkefnum á ferðamannastöðum, sem lagt er til að njóti stuðnings.

Verkefnisstjórn landsáætlunar forgangsraðar verkefnum, í henni sitja fulltrúar forsætisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, auk umhverfis – og auðlindaráðuneytis⁷.

Verkefnaáætlun 2020 - 2023

Heiti staðar	Heiti verkefnis	2020	2021	2022-2023
Dynjandi	Framkvæmd. Þrír útsýnispallar neðan og við Strompgljúfrafoss og við Hæstahjallafoss í Dynjandisá.	0	32.000.000	0
Dynjandi	Endurnýjun á salernishúsi, rotþró og rafmagnslögn að salernishúsi (50 m.kr. af heildarkostnaði fjármagnaðar af Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti)	0	0	0
Dynjandi	Hellulögn göngustígs frá bílastæði að Hrisvaðsfossi í Dynjandisá	0	0	0
Dynjandi	Hönnun. Þrír útsýnispallar neðan og við Strompgljúfrafoss og við Hæstahjallafoss í Dynjandisá.	7.800.000	0	0
Dynjandi	Endurnýjun á salernishúsi, rotþró og rafmagnslögn að salernishúsi	10.000.000	0	0
Dynjandi	Lagfæring á stíg frá Hrisvaðsfossi að Dynjanda	0	0	19.889.000
Fyrirhugaður þjóðgarður á sunnanverðum Vestfjörðum	Forgreining á innviðaþörf vegna áforma um stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum	0	1.000.000	0
Fyrirhugaður þjóðgarður á sunnanverðum Vestfjörðum	Greiningarvinna vegna áforma um stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum	0	4.000.000	0
Vatnsfjörður	VF Vatnsfjörður malarbílastæði við Þingmannaheiði	0	2.008.000	0
Vatnsfjörður	Göngustígagerð í Vatnsfirði	400.000	0	0

⁷ Landsáætlun um innviði

Vatnsfjörður	9 skilti í Vatnsfirði með leiðbeiningum og upplýsingum	0	0	0
Vatnsfjörður	Hönnun hringgengs náttúrustígs við Þingmannaá í Vatnsfirði	0	0	0
Vatnsfjörður	Lagfæring hringgengs náttúrustígs við Þingmannaá í Vatnsfirði	3.650.000	0	0

3.4.2 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða er sjóður í vörslu Ferðamálastofu sem annast hann. Markmið og hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt og styðja með því við þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærar stoðar í íslensku atvinnulífi. Það er jafnframt markmið sjóðsins að stuðla að jafnari dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun⁸.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila. Heimilt er að fjármagna framkvæmdir sem snúa að öryggi ferðamanna, náttúruvernd og uppbyggingu, viðhaldi og vernd mannvirkja.

Enginn staður innan fyrirhugaðs þjóðgarðs fékk úthlutað í ár 2021 eða í fyrra 2020 en árið 2017 og 2016 fékk Umhverfisstofnun styrk fyrir Dynjanda til að gera útsýnispall og uppbygging göngustíga.

3.4.3 Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða var fyrst gefin út árið 2018 en Áfangastaðaáætlun er stefnumótandi áætlun fyrir öll sveitarfélög Vestfjarða, sem er gefin út á þriggja ára fresti, aðgerðaráætlanir hennar eru uppfærðar árlega. Áfangastaðaáætlun er ætlað að vera framtíðarsýn allra níu sveitarfélaganna og annarra hagsmunaaðila þegar kemur að ferðaþjónustu og er unnin í samstarfi sveitafélaga, ferðaþjónustu og annara hagsmunaaðila.

Markmið Áfangastaðaáætlunar er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestu til samfélagsins um leið og mögulegum neikvæðum áhrifum er haldið í lágmarki. Áætlunin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfis og reynir að skapa jafnvægi. Hún auðveldar íbúum að hafa áhrif á hvernig ferðaþjónustan þróast og hvaða skref skuli taka. Þannig eru meiri líkur á að uppbyggingin hafi jákvæð áhrif á efnahag og samfélag.

Áfangastaðaáætlun gerir stöðugreiningu á svæðinu sem og greiningar á mati á framlagi og áhrifum ferðaþjónustu á svæðinu.

Árið 2020⁹ var ný samantekt gefin út þar sem sett eru fram markmið og framtíðarsýn ferðaþjónustunnar til ársins 2024. Þar kemur fram að framtíðarsýn ferðaþjónustunnar er að „*Vestfirðir sé sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Ferðamannaleiðin Vestfjarðaleiðin byggist upp samhliða þróun í afþreyingu sem byggir á sérkennum svæðisins, ægifygurrar náttúru og heildstæðra þorpsmynda allt árið um kring*“.

⁸ Framkvæmdarsjóður ferðamannastaða, upplýsingar má finna á vef Ferðamálastofu

⁹ Áfangastaðaáætlun Vestfjarða samantekt 2020

Áfangastaðaáætlun setur upp hvernig ferðapjónusta á við Vestfirði og helstu markaði, þar sem stefnan er að á Vestfjörðum verði ekki massa ferðapjónusta en megin áhersla lögð á að byggja upp ferðapjónustu fyrir gesti, sem eru tilbúnir að dvelja lengur og borga fyrir gæði.

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða setur upp aðgerðaáætlun sem er bæði svæðisskipt, í norðursvæði, suðursvæði og Strandir og Reykhólar og fyrir Vestfirði í held. Nokkur verkefni tengjast því svæði sem þjóðgarðurinn liggur um.

- Vestfjarðaleiðin - Uppbygging, efling og þróun heilsársferðapjónustu í tengslum við opnun Vestfjarðaleiðarinnar.
- Göngu- og hjólaleiðir – Kortlagning göngu- og hjólaleiða víðsvegar á Vestfjörðum, úrbætur á merkingum og aðgengi ásamt miðlun leiða og upplýsinga.
- Westfjords Food - Kortlagning, þróun og miðlun í tengslum við vestfirska matvælaframleiðslu og matartengda ferðapjónustu á Vestfjörðum.
- Áningarstaðir - Kortlagning, miðlun og uppbygging áningarstaða á Vestfjörðum í tengslum við umferðaöryggi og ákjósanleg stopp.
- Fuglaskoðunarstaðir á Vestfjörðum – Kortlagning fuglaskoðunarstaða víðsvegar um Vestfirði, heildstæð hönnun og uppbygging fuglaskoðunaraðstöðu ásamt miðlun upplýsinga.
- Skemmtiferðaskip - Unninn rammi um stjórnun, stýringu og aðgengi skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum.

Einnig er á aðgerðaáætlun

- Dynjandi – Heildarskipulag svæðis við áfangastaðinn Dynjanda.
- Skrímslafjörðurinn Arnarfjörður – Uppbygging og hönnun á skrímslastoppa ásamt miðlun upplýsinga og fræðslu.

Viðauki er við Áfangastaðaáætlunina um göngu og hjólaleiðir og áningarstaði. Þar er helst að nefna:

- Þróun og uppbygging útivistarsvæðis út frá Hrafnseyrarheiði, kortlagning leiða, merking og miðlun.
- Kortlagning, merking og miðlun fjallahjólaleiða.
- Uppbygging gönguleiðar á Lónfell.
- Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga á Hrafnseyrarheiði.
- Áningarstaður í Trostansfirði.
- Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga uppi á Dynjandisheiði.
- Uppbygging stærri áningarstaðar og miðlun upplýsinga við Flókatóftir.
- Áningarstaður við Gíslahelli í Vatnsfirði.
- Áningarstaður við kumlin í Vatnsdal.

3.4.4 Ferðamálastefna Vesturbyggðar

Á síðasta ári hóf Vesturbyggð vinnu við ferðamálastefnu sem kemur út á næstu vikum. Stefnan var unnin árið 2020 í samstarfi við ferðamálafulltrúa Vesturbyggðar, stýrihóp verkefnisins og með aðkomu ferðapjóna og annarra hagsmunaaðila ferðapjónustunnar.

Ferðamálastefnan er unnin í samræmi við Áfangastaðaáætlun Vestfjarða en Ferðamálastefna Vesturbyggðar er yfirlýst stefna sveitarfélagsins sem tekur Áfangastaðaáætlun enn lengra og fer mun

meira á dýptina er varðar greiningu á hag ferðaþjónustunnar og stöðumati. Með stefnunni er markmið Vesturbyggðar að fá skýra sýn til að vinna að, verkefnum sé forgangsraðað og til staðar sé vitund og sameiginleg sýn um stöðu og gildi ferðaþjónustu sem atvinnugrein í sveitafélaginu.

Í óbirtri stefnunni er talað um að stefnt sé að því að stofna þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum, þar sem tengd verða saman mörg verndarsvæði í eitt stórt friðlýst svæði vegna náttúru-, sögu- og menningarverðmæta. Gert sé ráð fyrir að þjóðgarðurinn muni draga til sín aukinn fjölda ferðamanna inn á sunnanverða Vestfirði. Þá verði með stofnun þjóðgarðarins byggðar upp gestastofur og fræðslumiðstöðvar sem muni geta veitt betri upplýsingar og fræðslu um svæðið en er á svæðinu í dag. Einnig muni þar fara fram frekari innviðauppbýgging m.a. stígagerð, merkingar, hjólreiðastígar og fleira sem aukið getur afþreyingarmöguleika ferðamanna innan þjóðgarðsins. Sveitafélagið leggur áherslu á að sú innviðauppbýgging nýtast bæði íbúum á sunnanverðum Vestfjörðum sem og þeim gestum sem koma inn á svæðið. Þá liggja einnig aukin tækifæri við stofnun þjóðgarðsins til að skapa fleiri heilsársstörf hjá Umhverfisstofnun á sunnanverðum Vestfjörðum.

Í Ferðamálastefnu Vesturbyggðar er einnig aðgerðaáætlun sem er í samræmi við Áfangastaðaáætlun.

4 Forgreining innviða þjóðgarðs

Í þessar forgreiningu voru eftirfarandi atriði skoðuð; staðsetning gestastofa og þjónustustig, aðgengi og stígagerð í fyrirhuguðum þjóðgarði, merkingar og mannaflapörf.

4.1 Staðsetning gestastofa og þjónustustig

Til að skoða hvaða staðsetningar eru helst ákjósanlegar þegar kemur að gestastofu var farið yfir þá staði sem hafa verið í umræðunni og komu fram í starfshóp um verkefnið, í samtölum við sveitastjóra, Umhverfisstofnun og aðra.

Við þessa vinnu voru einnig tekin viðtöl við aðila sem vinna á svæðinu í dag sem og starfsmenn annarra þjóðgarða á Íslandi. Var það gert til að fá þeirra sýn á hvernig staðsetning gestastofu hefur áhrif og tengingu við gesti þjóðgarðsins. Ekki voru allir sammála um hvort gestastofa væri betur komið utan eða innan þjóðgarðs en þó sammála um að gestastofa yrði að vera aðgengileg. Eðli staðar skiptir máli eins stærð þjóðgarðs, hvort sterkir innviðir séu til staðar og hvernig þjóðgarðurinn er staðsettur landfræðilega, dæmi Vatnajökulsþjóðgarður sem er nánast allur á hálendi eða þjóðgarður Snæfellsjökuls sem er með stutt í alla þjónustu.

Mikilvægt er að horfa á flæði gestanna og hvernig þeir koma að þjóðgarðinum. Í tilfelli þjóðgarðsins á sunnanverðum Vestfjörðum er um aðgengi úr tveim áttum norðan og austan að og því mikilvægt að taka á móti gestum á báðum stöðum. Einnig er mikilvægt að vetrarþjónusta sé tryggð á Dynjandisheiði því heiðin verður lífæð þjóðgarðsins og skiptir miklu sama hvar staðsetning gestastofu verður.

Í dag er engin gestastofa á svæðinu en lítil sýning er á Brjánslæk um Surtarbrandsgil sem er í eigu Umhverfisstofnunar

Til að leggja mat á hvern stað fyrir sig var hver staður settur upp í SVÓT greiningu.

4.1.1 Þingeyri

Utan þjóðgarðs, úr leið.

Styrkleikar

- Hátt þjónustustig í byggðakjarna
- Húsnæði fyrir gestastofu er mögulega til staðar
- Áform eru um byggingu nýs áfangastaðar "Sólsetrið" sem gæti haft samlegðaráhrif
- Vinnuaðstaða til staðar fyrir starfsmenn t.d í Blábankanum á meðan húsnæði væri gert klárt
- Tenging við ferðaþjónustuna
- Hleðslustöð fyrir bifreiðar og hjól

Veikleikar

- Fjarðlægð frá gatnamótum að Þingeyri, 9 km
- Úr leið

Tækifæri

- Hækkandi þjónustustig
- Uppbygging á staðnum bæði atvinnulega og þjónustulega

Ógnanir

- Fjarðlægð frá landamerkum þjóðgarðs
- Óvissa með fjármagn

4.1.2 HrafNSEYRI

Innan Þjóðgarðs, úr leið, ekki vetrarþjónusta.

Styrkleikar

- Húsnæði til staðar
- Innan þjóðgarðs
- Samlegðaráhrif með sýningu um arfleið Jóns Sigurðssonar
- Hugsanleg aðstaða fyrir starfsmenn

Veikleikar

- Engin vetrarþjónusta
- Úr leið
- Lágt þjónustustig
- Lélegur malarvegur frá munna Dýrafjarðarganga og HrafNSEYRI

Tækifæri

- Bætt vetrarþjónusta
- Uppbygging

Ógnanir

- Óvissa varðandi aðkomu að vetri
- Engin skilgreind vetrarþjónusta
- Vegurinn ekki á samgönguáætlun 2020-2034
- Óvissa vegna fjármagns

4.1.3 Mjólka

Utan Þjóðgarðs, í leið.

Styrkleikar

- Góð aðkoma
- Í alfaraleið úr báðum áttum
- Húsnæði til staðar

Veikleikar

- Ekki vitað hvort húsnæði sem til staðar séu laus til umráða
- Lágt þjónustustig
- Nálægð við orkumannvirki sem krefjast öryggissvæðis og vöktunar, ef til vill óaðlaðandi fyrir gesti

Tækifæri

- Nálægð við þjóðgarðinn

Ógnanir

- Lágt þjónustustig
- Óvissa vegna fjármagns

4.1.4 Brjánslækjarhöfn

Innan þjóðgarðs, í leið fyrir þá sem koma að landi með Baldri og að vestan, úr leið fyrir þá sem koma að austan og norðan og fara Dynjandisheiði.

Styrkleikar

- Innan þjóðgarðs
- Húsnæði mögulega til staðar
- Stutt í þjónustu í Flókalundi
- Stutt í hleðslustöð fyrir bifreiðar og hjól í Flókalundi
- Tenging við komufarþega af Baldri

Veikleikar

- Úr leið fyrir þá sem koma að austan og norðan og fara Dynjandisheiðina
- Óvissa varðandi húsnæði

Tækifæri

- Vetrarþjónusta
- Stutt í þjónustu í Flókalundi

Ógnanir

- Þjónustustig á staðnum
- Óvissa vegna fjármagns

4.1.5 Vatnsfjörður

Innan þjóðgarðs, í leið.

Styrkleikar

- Innan þjóðgarðs
- Vatnsfjörður miðlægt staðsettur fyrir umferð að norðan, austan og vestan
- Geststofa á deiliskipulagi fyrir Flókalund
- Gott þjónustustig í Flókalundi
- Tenging við ferðaþjónustu
- Hleðslustöð fyrir bifreiðar og hjól í Flókalundi
- Í leið úr báðum áttum

Veikleikar

- Ekki húsnæði til staðar

Tækifæri

- Landsrými til uppbyggingar aðstöðu
- Innan þjóðgarðs
- Nálægð við gott þjónustustig
- Vetrarþjónusta

Ógnanir

- Óvissa vegna fjármagns

4.2 Aðgengi, stígagerð og hreinlætismál í þjóðgarðinum

Brýnt að í nýjum þjóðgarði verði gert ráð fyrir fjölbreyttum ferðamáta, hvort sem um er að ræða umferð hjólandi, gangandi eða ökutækja. Ásamt því að stika og viðhalda þeim gönguleiðum sem fyrir eru á svæðinu. Huga þarf að aðgengi fyrir fatlaða að ferðamannastöðum því eins og staðan er í dag er það eingöngu til staðar á Dynjanda en þó aðeins upp að fyrstu tröppum. Einnig þarf að huga að stöðu hreinlætismála.

Upplýsingar voru fengnar úr skýrslum Umhverfisstofnunar um Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða sem og í samtali við sérfræðing svæðisins frá Umhverfisstofnun.

4.2.1 Akandi

Meginhluti vega innan þjóðgarðsins eru malarvegir nema um Vatnsfjörð. Endurbætur eru hafnar á Dynjandisheiði og mun breyta þar mjög miklu. Stefnt að um Dynjandisheiði verði kominn heilsársvegur í byrjun árs 2025 og síðan verði endurbótum á Bíldudalsvegi lokið 2028 og þá er komin heilsárstenging með vegi um Bíldudal, Tálknafjörð, Patreksfjörð og til Vatnsfjarðar. Ekki hefur verið gefið út hvort vegurinn um Hrafnseyrarheiði, verði aðgengilegur að sumarlagi, eftir að Dýrafjarðargöng hafa verið tekin í notkun.

Hvað þarf að gera: Línuvegir og slóðar eru á hálendinu. Kortleggja þarf þessa slóða með vettvangsskoðun m.t.t.:

- Er verið að keyra þá?
- Er tilefni til þess að hafa eftirlit með akstri á hálendi innan þjóðgarðsins?

Bíla- og áningastæði

Í dag er bílastæði við Hótel Flókalund en það rétt annar gestum hótelsins. Nýtt bílastæði er við Dynjanda og er framkvæmdum þar lokið. Huga þarf að því hvar bílastæða er þörf, ef nýjar gönguleiðir verða á svæðinu.

Eftirfarandi greining og tillögur eru unnar upp úr gögnum frá sérfræðingi Umhverfisstofnunar.

Bíla- og áningastæði eru á eftirtöldum stöðum:

Dynjandi: (framkvæmdum lokið, engin þörf á stækkun)

Vatnsfjörður:

- Bílastæði á Hörgsnesi. Áningarborð kemur sumar 2021.
- Útskotsstæði við upphaf Þingmannaheiðar. Fjármagni í 10 bíla malarstæði úthlutað í innviðaaætlan 2021.
- Bílastæði í Vatnsdal. Afmarkað en ljót för bera utanvegaakstri merki.
- Bílastæði við Vatnsdalsvatn. Nokkur stæði við syðri hluta vatnsins. Anna álagi. Mætti fjölga áningarborðum.
- Bílastæði við Eiðisá. Annar álagi. Mætti koma fyrir áningarborði.
- Bílastæði við Hellulaug. Annar ekki álagi.
- Bílastæði við Pennu. Rúm fyrir 3 bíla ef vel er lagt. Illa afmarkað. Þar er áningarborð. Gönguleið liggur frá svæðinu upp með Pennu.

Brjánslækur:

- Bílastæði við sýningu um Surtarbrandsgil. Stækkun er á teikniborðinu í verndaráætlun en hefur enn ekki komið til framkvæmda.

Því miður liggja ekki upplýsingar fyrir varðandi nákvæma stærð bílastæða og hver mörgum fólksbílum er hægt að leggja á hverjum stað. Mælt er með að það verði greint í áframhaldandi vinnu.

Hvað þarf að gera:

Koma þarf fyrir áningarstöðum við Þjóðveg á Dynjandisheiði þar sem útsýni er fallett og/eða þar sem eftir einhverju er að slægjast (upphaf gönguleiðar á Lónfell t.a.m.). Stækka mætti og lagfæra bílastæði við Pennu við upphaf gönguleiðar ásamt því að huga að því að betrubæta bílastæði við “Pennukarlinn”. Stæði er til staðar í Vatnsdal, en það þarf að skoða vegna talsverðs utanvegaaksturs. Stæði við Hellulaug annar ekki álagi eins og það er í dag.

4.2.2 Gangandi

Í Friðlandinu Vatnsfirði eru stikaðar gönguleiðir, flestar eftir gömlum fjárgötum. Landverðir og sjálfbóðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar sjá um viðhald á þeim, árlega er birki klippt frá, stikum skipt út ásamt öðru viðhaldi sem er sinnt eftir þörfum. Eins sjá þeir um viðhald á stígum við Dynjanda. Mikilvægt er að greint verði í upphafi hvaða stígar það eru sem líklegt er að hvað mest umferð verði um og að þeir verði lagðir eða lagfærðir og viðhaldið með það í huga.

Aðgerðir:

Útbúa þarf kort af helstu gönguleiðum innan Þjóðgarðsins alls, tengingu á milli svæða og taka þar undir gamlar alfaraleiðir yfir fjallendið/Glámu.

Flestar merktar gönguleiðir innan Friðlandsins eru stuttar og frekar auðveldar. Hægt væri að hanna leið sem gæti kallast „í fótspor Flóka“ úr Vatnsfjarðarbotni (ca. við Flókalund) og upp á topp Lónfells og/eða frá Brjánslæk fyrir þá sem sækjast eftir meira krefjandi gönguleiðum.

Bæta þarf öryggi gangandi vegfarenda við hótél og að Hellulaug sérstaklega þar sem margir ganga þar á milli eftir Þjóðvegi.

Lagfæra þarf gamlar götur úr Geirþjófsfirði sem sokknar eru í gróður. Um friðlýstar fornminjar er að ræða svo Minjastofnun þyrfti að koma þar að og hafa umsjón/veita samþykki. Hugsanlega nægir að endurstika gönguleið sem eitt sinn var stikuð en hana þarf að finna og gera greinilega svo gestir fylgi allir sömu slóð um gróðurrikt svæði. Landverðir geta leyst úr þessháttar verkefni.

4.2.3 Ríðandi

Engar skilgreindar reiðleiðir eru til staðar og þar sem hestaeign er lítil sem engin í nágrenni Þjóðgarðsmarka í dag, hefur ekki verið þörf á því. Síðustu tvö sumur hafa komið hópar hestamanna og þá var þörf á skilgreindum svæðum fyrir beitarhólf bersýnileg.

Aðgerðir:

Huga þarf að ferðalögum ríðandi manna og skoða þörf á skilgreindu svæði beitarhólfa fyrir hesta innan friðlands. Gera ætti fornleifakönnun fyrir svæðið (ástandsmat fyrir Vatnsfjörð).

4.2.4 Hjólandi

Engar skilgreindar hjólaleiðir eru á svæðinu í dag. Hægt er að hjóla aflagða vegi (inn Vatnsdal og yfir Þingmannaheiði).

Aðgerðir:

Horfa þarf til þess að gera hjólastíga eða „útivistarstíga“ sem nýtast annarri umferð. Umferð hjólandi fer ört vaxandi og hjól eiga ekki heima í viðkvæmum jarðvegi eða á kindagötum. Huga þarf að því hvort tilefni er til þess að fella hjólandi umferð inn í „útivistarstíga“ sem nýst geta fleirum (hlaupandi, riðandi, gangandi). Hjólreiðar og fjallahjólreiðar eru vaxandi sport og þarf að sjá til þess að hægt sé að ferðast hjólandi um þjóðgarðinn.

Einnig þarf að huga að tengingu við aðra hjólreiðaleiðir eins og „Vesturgötuna“ eða fyrir Svalvoga með tengingu við t.d. Hrafnseyri.

4.2.5 Siglandi

Brjánslækjarhöfn er utarlega í vestanverðum Vatnsfirði, við mörk þjóðgarðsins. Breiðafjarðarferjan Baldur siglir samkvæmt áætlun á Brjánslæk frá Stykkishólmi með viðkomu í Flatey.

Í Vatnsfirði er engin aðstaða fyrir hendi fyrir þá sem stunda sjósport en Vatnsfjörður er gott svæði til að stunda kajakróður og annað sjósport.

Geirþjófsfjörð skortir aðstöðu fyrir aðkomu af sjó, fjörðurinn er erfiður aðkomu á landi þar sem um er að ræða brattan stíg ofan í fjörðinn sem er töluvert erfiður yfirferðar.

Huga þarf að aðkomu frá sjó við Dynjandisvog sem tryggir stýringu álags af völdum ferðamanna á svæðið og dýralíf þess.

Aðgerðir:

Gera þarf aðstöðu fyrir kajakræðara og annað sjósport í Vatnsfirði, með góðu aðgengi ofan í fjöruna.

Í Dynjandisvogi er mikilvægt, að huga að því að útbúa landingaraðstöðu fyrir m.a. slöngubáta sem skemmtiferðaskip senda í land með farþega sína. Brýnt er að beina þeim á sama stað með það að markmiði að hægt sé að stýra álagi.

Setja þarf upp aðstöðu til landinga frá sjó í Geirþjófsfirði þar sem aðgengi er erfitt. Hér liggja tækifæri m.a. í siglingum frá Bíldudal.

Til umhugsunar: Er vilji til að opna Geirþjófsfjörð fyrir slöngubátum frá skemmtiferðaskipum? Eða einungis fyrir áætlunarferðir t.d. frá Bíldudal, undir eftirliti landvarðar? Eins með Dynjanda, á það svæði að vera opið fyrir aðkomu báta frá skemmtiferðaskipum? Þá mögulega með eftirliti, gjaldtöku og aðgangsstýringu.

4.2.6 Hreinlætismál

Í dag eru salerni við Dynjanda á vegum UST en ekki í Friðlandinu í Vatnsfirði. Huga þarf að því í frekari greiningu og skipulagi.

Mikilvægt er að setja upp góðar leiðbeiningar og merkingar varðandi sorp og staðsetningu sorpílata. Greina þarf hvar best er að koma fyrir móttöku sorps. Einnig er mikilvægt að ruslatunnur séu staðsettar við bíla- og áningarstaði á svæðinu.

4.3 Merkingar í Þjóðgarðinum, þ.m.t. upplýsinga- og fræðsluskilti.

9 skilti alls eru í hönnun fyrir Vatnsfjörð, 4 stór við Flókalund (gönguleiðir, lífríki, gróður, dýralíf, umgengnisreglur friðlands, saga og menning) og 5 við aðra áhugaverða staði (smalahellu, vörðuröð, reynitriálund, nafnlaus fossinn, Gíslahelli).

Aðkomuskilti er til staðar við Dynjanda og Vatnsfjörð (alls 3 við hvert svæði). Staða skilta við sýningu um Surtarbrandsgil er góð en staða skilta í Geirþjófsfirði er ekki góð þar sem um er að ræða gömul tréskilti sem mörg hver eru sokkin í gróður. Varðandi Hrafnseyri þá er í dag skilti við göngin Arnarfjarðarmegin sem vísa á Hrafnseyri en það er Vegagerðarskilti og segir ekkert um þjónustu.

Aðgerðir

Eftirfarandi eru tillögur komnar frá sérfræðingi Umhverfisstofnunar á svæðinu en koma þarf fyrir skiltum á eftirtöldum stöðum:

- Hörgsnes: upplýsingaskilti um sjaldgæfa fugla, Breiðafjörð, sel, Gíslasögu, Hörg og heiðnina.
- Geirþjófsfjörður: Endurnýja öll gömlu tréskiltin sem enn eru ekki fallin (fylgsni, Einhamar, Auðarbær o.fl.).
- Dynjandisheiði: Setja upp lítið skilti við Pennukarlinn þar sem saga þessa alþýðulistaverks er rakin og greint frá fyrirmyndinni.
- Setja upp skilti við upphaf gönguleiðar á Lónfell um Flóka, nafngjöfina og fjallið.
- Setja skilti við upphaf gönguleiðar í Geirþjófsfjörð um fjörðinn, Gísla og Auði, náttúru landsins og gæði, gildi afskekktu eyðisvæða, gróður og lífríki.
- Setja upp skilti með almennum upplýsingum um hvernig ísaldarjökullinn mótaði landið, skar út firði og holaði inn dali, skildi eftir sig hvalbök sem sýna skriðstefnur og grettistök á víð og dreif. Hugsa staðsetningu út frá áningarstöðum Vegagerðarinnar í komandi framkvæmdum.
- Búðavogur: Gömul hjáleiga frá Dynjanda. Hægt að segja frá búskap, selveiðum og þeim heimildum sem til eru. Fer eftir því hvar lega vegarins verður hversu aðgengilegt svæðið er og hvort yfirhöfuð er tilefni til skiltauppsetningar.
- Það þarf að setja skilti fyrir Hrafnseyri beggja vegna gangna. Við Hrafnseyri skortir merkingar sem taka til þeirrar þjónustu og minja sem þar eru (safn, kirkja, veitingar og fornleifar), athugasemdir hafa komið vegna rangra merkinga við bæinn.
- Skilti fyrir leið um Svalvoga
- Setja upp aðkomuskilti fyrir Þjóðgarð við allar aðkomuleiðir.
 - 2 frá sjó (Geirþjófsfjörður og við mörk bryggju á Brjánslæk (hún er samt ekki innan marka sjálf)
 - 1 við Sauðanes
 - 1 við Hörgsnes (er fyrir merkt Vatnsfirði)
 - 1 á Þingmannaheiði
 - 1 við Meðalnes
 - 1 við Deildanes (er fyrir merkt Dynjanda)
 - 1 í Helluskarði (er fyrir merkt Vatnsfirði)
 - 1 við Hlaðseyri
 - 1 á Hrafnseyrarheiði (ef það á að halda veginum við?)
 - 1 við ganganamunann sem bendir á Hrafnseyrarsvæðið

4.4 Mannaflapörf

Með stofnun Þjóðgarðs breytist umfang í kringum fjölda þeirra starfa sem þarf á svæðið, bæði þegar kemur að eftirliti, mönnun gestastofa, skipulagi og fleira. Til þess að áætla mannaflapörfina var rætt við Umhverfisstofnun um hvernig staðan er í dag og hvaða breytingar verða með stofnun Þjóðgarðs. Einnig hvernig staðan er í öðrum þjóðgörðum á Íslandi og hver mannaflapörfin er þar.

4.4.1 Staðan í dag

Staðan í dag árið 2021 á sunnanverðum Vestfjörðum er sú, að þar er einn sérfræðingur í heilsársstarfi. Sá sérfræðingur sinnir Vatnsfirði, Dynjanda og Látrabjargi.

Enginn landvörður er í fullu starfi en þrír landverðir eru á svæðinu frá byrjun maí og fram í október byrjun og skipta með sér 47 landavarðavikum árlega, eða tæplega einu ársverki.

Landvörður 1 er á svæðinu frá maíbyrjun – októberbyrjunar = 22 vikur

Landvörður 2 er á svæðinu frá júníbyrjun – seinnipartinn í ágúst = 12,5 vikur

Landvörður 3 er á svæðinu frá seinnipartinn í maí – miðjan ágúst = 12,5 vikur

Samtals tæplega tvö ársverk fyrir sunnanverða Vestfirði í dag.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er staðsettur á utanverðu Snæfellsnesi á Vesturlandi. Hann er um 170 km2 að stærð. Árið 2020 voru þrjú ársverk í fullu starfi, þ.m.t. þjóðgarðsvörður, sérfræðingur og landvörður. Að auki eru landverðir ráðnir tímabundið í um eitt ársverk. Gert er ráð fyrir að fjölgi um tvö stöðugildi í þjóðgarðinum þegar þjóðgarðsmiðstöð á Hellisandi opnar, en áætluð opnun hennar er vorið 2022.

4.4.2 Nýr þjóðgarður

Með breytingum á svæðinu í þjóðgarð breytist skipulag innan svæðisins. Með opnun Dýrafjarðaganga, lagfæringar á Dynjandisheiði og öðrum samgöngubótum má áætla að vetrarviðvera verði meiri en áður. Dynjandi verður með þessu aðgengilegur allt árið og því mikilvægt að hægt sé að halda uppi eftirliti og viðhaldi allt árið. Í kafla 3.2 er farið yfir framtíðarsýn ferðaþjónustunnar og þarf að taka mið að því. Áætlaður mannaflá á svæðið með opnun tveggja gestastofa þyrfti þá að vera:

Einn þjóðgarðsvörður heilt stöðugildi. Þjóðgarðsvörður fer með daglega stjórn og reksturs þjóðgarðsins og vinnur að áætlanagerð og stefnumörkun í ólíkum málaflokkum. Þá annast þjóðgarðsvörður fræðslu og upplýsingagjöf, ræður annað starfsfólk þjóðgarðsins, þar á meðal landverði og skipuleggur starf þeirra. Einnig tekur þjóðgarðsvörður þátt í gerð og endurskoðun atvinnustefnu og áætlana fyrir þjóðgarðinn, þ.m.t. stjórnunar- og verndaráætlunar, fræðsluáætlunar og öryggis- og neyðaráætlunar og önnur þau verkefni sem falla undir starf þjóðgarðsvarðar.

Einn sérfræðingur fullt stöðugildi. Þjóðgarðsvörður og sérfræðingur skipta með sér verkum en í þjóðgarðinum Snæfellsjökli hefur sérfræðingur sinnt gerð og eftirfylgni fræðsludagskrár, skipulagningu landvörslu, verkstýringu landvarða, pöntun og uppgjör á vörum í gestastofu og svara fyrirspurnum sem berast til þjóðgarðsins hvort heldur sem er á vef eða í tölvupósti. Sérfræðingur hefur einnig sinnt uppfærslu á facebook síðu og vef þjóðgarðsins.

Einn landvörður fullt stöðugildi. Landvörður annast móttöku og fræðslu gesta, eftirlit og viðhald.

Tvö til þrjú ársverk landvarða þar sem unnið er frá vori fram á haust.

Þegar kemur að gestastofu þarf að huga að því hvernig flæði ferðamanna er. Opnunartími gestastofa er breytilegur eftir því hvernig flæðið er. Áætla má miðað við stærð þjóðgarðarins á sunnanverðum Vestfjörðum og vegalengdar í næsta þéttbýliskjarna, að álag á gestastofu sé fyrri hluta dags og fram á miðan dag og minnsta álagið yfir hávetur. Hægt er því að áætla:

Þrjú ársverk vegna gestastofa. Eitt og hálf ársverk fyrir hvora stofu, þar sem gert er ráð fyrir afleysingum og sumarfríum.

Samtals eru 6-7 ársverk fyrir þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum með tveim gestastofum.

Hafa þarf í huga að tölur um ársverk gæti breyst ef lagfæring vegar um Dynjandisheiði dregst á langinn. Lagfæring vegar skiptir sköpum þegar kemur að vetraropnun og gestakoma og því gæti fjöldi starfa haft áhrif á það.

Einnig má hafa í huga að með hverju stöðugildi er stoðþjónustan á bakvið. Stoðþjónusta er áætluð um það bil 20% ofan á hvert stöðugildi. Með stoðþjónustu er átt við t.d. launafulltrúa, bókara, starfsmannastjóra, fjármálastjóra, sviðsstjóra, ritara, símvörslu o.fl.

5 Drög að verkefnaáætlun uppbyggingar

Hér er sett upp gróft tímaplan með verkefnaáætlun.

Árið	Aðgerðir	Fjöldi ársverka
2021	Staðan eins og hún er í dag, en Þjóðgarðsvörður ráðinn. Greining á útivistaleiðum og kortlagning nýrra leiða með tengingu milli svæða.	3
2022	Ein gestastofa opnuð og ráðning starfsmanns fyrir hana. Auka landvörður með hálfri ársverk. Áætlun um uppbyggingu bílastæða í Þjóðgarðinum þarf að liggja fyrir til að anna aukinnar gestakomu.	5
2023	Önnur gestastofa opnuð og ráðning starfsmanns fyrir hana.	6,5
2024-2025	Landvörður, bætist við hálfri ársverk.	7

Áætlað er að í ár 2021, verði ráðinn Þjóðgarðsvörður. Greiningar þurfa að eiga sér stað um útivistaleiðir og kortlagning nýrra leiða með tengingu milli svæða. Raunhæft er að á næsta ári opni fyrri gestastofan og ráðinn starfsmáður fyrir hana. Einnig væri þörf á auka landverði í hálfri ársverk og áætlun um uppbyggingu bílastæða þarf að liggja fyrir til að anna aukinnar gestakomu.

Árið eftir 2023 væri seinni gestastofan að opna og ráðinn starfsmáður fyrir hana. Ef byggja þarf nýja gestastofu gæti opnun hennar dregist til ársins 2024-2025 en þá kæmi einnig inn auka landvörður í hálfri ársverk.

Smærri verkefni

Hér er samantekt á þeim minni verkefnum sem koma fram í greiningunni er varða bílastæði og stígagerð með tímaáætlun.

Verkefni	Ár
Stækkun bílastæði við Hellulaug, annar ekki álagi í dag	2021
Útskotsstæði við upphaf Þingmannaheiðar, úthlutað úr innviðaáætlun 2021	2021
Kortlagning línuvega	2021
Athuga skilgreindar leiðir reiðmanna sem og beitarhólf	2021
Vinna þarf kort af helstu gönguleiðum innan Þjóðgarðsins með tengingu milli svæða	2021-2022
Stækkun bílastæðis við Pennu við upphaf gönguleiðar og afmarka stæðið betur	2022
Bílastæði við sýninguna um Surtabrandsgil, stækkun er á teikniborðinu og þarf að klára	2022
Lagfæring á bílastæði við Pennukarlinn	2022
Hönnun nýrra gönguleiða t.d. „í Fótspor Flóka“	2022
Lagfæra þarf gamlar götur úr Geirþjófsfirði	2022
Hönnun útivistastíga/hjólastíga	2022
Vinna að lausnum og ramma varðandi komu siglandi að Geirþjófsfjörð/Dynjandi	2022
Áningarstaðir við Þjóðveg á Dynjandheiði við útsýni/gönguleiðir	2023
Lagfæring og stækkun bílastæðis við Vatnsdal	2023

6 Umræða

Í Áfangastaðaáætlun Vestfjarða má finna markhópagreiningu Vestfjarða en hún byggir á markhópagreiningu Íslandsstofu. Þar kemur fram að hin *Sjálfstæði landkönnuður*¹⁰ tilheyrir þeim markaði sem Vestfirðir tengja mest við. Hingað koma náttúruunnendur til að dást að náttúrunni og ferðast um á eigin vegum. Þeir vilja skoða og ferðast um landið og eru tilbúnir að leggja krók á leið sína til að komast á afskekktu staði. Á Vestfirðina kemur mikið af mjög virku útivistarfólki sem er tilbúið að leggja töluvert á sig til að upplifa stórbrotna náttúru landsins og er útivist stór hluti af lífsstíl þessa hóps (t.d. fjallaskíði eða kajakferðir). Út frá markhópunum og þjóðerni þeirra sem eru að koma til Vestfjarða eru helstu markaðir þýsku- og enskumælandi lönd. Fyrir utan þennan virka hóp sem kemur, eru einnig farþegar skemmtiferðaskipa sem eiga eftir að verða stór hópur gesta, ásamt heimafólki og íslenskum ferðamönnum. Með opnun Þjóðgarðs og heilsársvegur um Dynjandisheiði bendir allt til þess að vetrarferðamennska muni aukast með opnun inná hálendið (Glámu). Má því gera ráð fyrir því að jeppaumferð og skíðaferðir muni aukast.

Mikilvægt er að vinna dýpri greiningu um gesti fyrir Þjóðgarðinn. Þjóðgarðurinn verður í alfaraleið og því fyrirséð að fjölbreytt flóra fólks á eftir að eiga þar leið um.

Gestastofurnar þurfa að geta mætt þessum fjölbreyttu hópum ferðamanna, vera rétt staðsettar, aðgengilegar fyrir alla og að þjónustustig sé gott. Mikilvægt er að fá fólk til að staldra við, njóta þjóðgarðsins og dvelja lengur. Einnig er mikilvægt er að gestastofurnar verði vel nýttar og geti gengt sínu hlutverki eins og best verður á kosið. Reynslan sýnir að það koma mun fleiri gestir í þjóðgarða en þeir sem koma í gestastofurnar. Mikilvægt er að ná að laða sem flesta gesti inn á gestastofurnar, þar sem þær gegna mikilvægu upplýsinga- og þekkingarmiðlunar hlutverki. Einn viðmælandi komst þannig að orði, að það væri mjög mikilvægt að geta „nestað“ gestinn með nauðsynlegum upplýsingum og fræðslu áður en hann legði leið sína inn á svæðið. Skiptar skoðanir eru á því hvort heppilegast væri að hafa gestastofurnar inn í þjóðgarðinum sjálfum eða utan við hann. Reynsla frá öðrum svæðum virðast sýna að heppilegasta staðsetningin væri þar sem hægt væri að ná til sem flestra. Jafnvel á fjölfarnari stað þar sem finna mætti fjölbreyttari þjónustu heldur en veitt er í gestastofunum.

Eins og kemur fram í kafla 4.1. um gestastofur er mikilvægt að gestastofur séu beggja vegna þjóðgarðs, einnig þarf að huga að samlegðaráhrifum varðandi sýningar. Meta þarf hvort þær eigi að vera á sama stað og gestastofur og hvaða sýningum skal stillt upp á svæðinu. Frá viðmælendum hafa komið tillögur að sögusýningu um Gísla sögu Súrssonar og náttúrusýningum ýmisskonar.

Sveitarfélögin Ísafjarðarbær og Vesturbyggð eru heilt yfir jákvæð gagnvart þjóðgarðsáformum. Það kemur skýrt fram í samtölum við sveitarfélögin að rík áhersla er lögð á að gestastofurnar verði byggðar upp af metnaði og þær og umhverfi þeirra verði til sóma. Vesturbyggð leggur áherslu á að gestastofa verði byggð upp í Vatnsfirði (innan Friðlands eða Brjánslæk) og Ísafjarðarbær leggur mikla áherslu á að á Þingeyri verði gestastofa norðanmegin. Áhyggjur snúa að miklu leiti að því hvort verkefninu fylgi nægt fjármagn svo hægt sé að vinna það vel. Því ef svo er ekki, er betur heima setið en af stað farið. Áhersla er lögð á að vandað verði til verka við stígagerð fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og merkingar innan svæðisins. Í svörum þeirra er einnig nefnt að huga þurfi vel að skipulagi sorphirðu og salernismála.

¹⁰ Markhópagreining skiptir upp í þrjá flokka Lífglaði heimsborgari, Sjálfstæði landkönnuðurrinn og Makindalegi menningarvitinn. Íslandsstofa, 2017

Hafa þarf í huga hvar best væri að koma fyrir móttöku sorps, sem ferðamenn þurfa að losa sig við og umsjón með því svæði. Mikilvægt er að setja upp góðar leiðbeiningar og merkingar varðandi sorp og staðsetningu sorpíláta. Góð móttaka þarf að vera nálægt eða við gestastofur, einnig er mikilvægt að ruslatunnur séu staðsettar við bílastæði. Reynslan sýnir að ef gott aðgengi er að stöðum þar sem hægt er að losa sig við sorp og annað rusl, eru meiri líkur á góðri umgengi. Einnig er brýnt að huga vel að salernisaðstöðu með góðu aðgengi utan opnunartíma gestastofanna. Hugsanlega væri hægt að koma fyrir færanlegum salernum við bílastæði og við þá staði sem vænta má að mesti ágangurinn verði á háannatíma. Eins og staðan er í dag eru ný salerni við Dynjanda en í Friðlandinu í Vatnsfirði er ekkert salerni á vegum Umhverfisstofnunar.

Í Dynjandisvogi er mikilvægt, á meðan regluramminn varðandi skemmtiferðaskip er ekki til staðar, að útbúa lendingaraðstöðu fyrir slöngubáta sem skemmtiferðaskip senda í land með farþega. Þannig má beina þeim á einn stað svo hægt sé að stýra álagi. Með sama hætti þarf að huga að Geirþjófsfirði. Þetta vekur upp spurningar um hvort yfir höfuð sé vilji til þess að þessir staðir séu opnir fyrir þesskonar ferðamennsku og ef svo er hvort ekki sé þá ástæða til þess að huga að gjaldtöku.

Mikilvægt er að unnið verði öryggisskipulag fyrir svæðið í samstarfi við viðbragðsaðila ef verða slys eða önnur vá.

7 Næstu skref

Í umræðum hefur verið farið yfir punkta sem þarf að skoða, en næstu skref eru að vinna heildargreiningu sem áætluð er að verði lokið í september 2021. Ekki er talað um rekstramódel fyrir þjóðgarðinn eða kostnað í þessum fyrsta hluta greiningar innviða en mikilvægt er að á síðari stigum verði sú umræða tekin upp.

Einnig er mikilvægt að í heildargreiningu og þróun þjóðgarðs sé hugað að grunninnviðum. Sveitafélögin benda á að í gegnum þjóðgarðinn liggja grunninnviðir s.s. stofnvegir, flutningslínur raforku, orkumannvirki og ljósleiðari. Svigrúm verður að vera til staðar við endurbætur og uppbyggingu þessara innviða s.s. nýrra jarðganga eftir því sem samfélag og atvinnulíf þróast.

8 Heimildaskrá

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða samantekt. (2020). Sótt af https://www.vestfiridir.is/static/files/Ferdathjonusta/Afangastadaaaetlun/afangastadaaaetlun_vestfjarda - samantekt.pdf

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. (2018). Sótt af https://www.vestfiridir.is/static/files/Ferdathjonusta/Afangastadaaaetlun/afangastadaaaetlun_vestfjarda.pdf

Íslandsstofa. (2017). Sótt af <https://www.islandsstofa.is/aherslur-i-utflutningi/ferdathjonusta/vidhorfs--og-markadsrannsoknir/markhopar-islands>

Landáætlun um innviði. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-naturuvernd/naturuvernd/ferdamenn-og-nattura/landsaaetlun-um-innvidi/>

Landsáætlun 2020-2022. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/ThKRG/Landsaaetlun%20Verkefnaaetlun%202020-2022%20fyrir%20vef.pdf>

Landsáætlun 2021-2023. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Lands%3%a1%3%a6tlun%20Verkefna%3%a1%3%a6tlun%202021-2023%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Lands%3%a1%3%a6tlun%20Verkefna%3%a1%3%a6tlun%202021-2023%20-%20Copy%20(1).pdf)

Tölur frá Hagstofu Íslands. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/>

Umhverfisstofnun. (2020). Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða, skýrsla 2020. Sótt af <https://www.ust.is/library/sida/Nattura/%c3%81standsmat%20fer%c3%b0amannasta%c3%b0a%20innan%20fri%c3%b0l%c3%bdstra%20sv%c3%a6%c3%b0a-2020%20yfirlestur.pdf>

Vestfjarðaleiðin. Sótt af <https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/vestfjardaleidin>

Þjóðgarður á sunnanverðum Vestfjörðum. Sótt af <https://www.ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/thjodgardur-a-vestfjordum/>

Þjóðhagsspá Íslandsbanka Janúar. (2021). Sótt af https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/Thjodhagsspa_Isb_210127.pdf

Viðmælendur

Edda Kristín Eiríksdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnun.
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður Vatnajökulsþjóðgarði.
Kristín Jónasdóttir, teymisstjóri Umhverfisstofnun.
Linda Björk Hallgrímsdóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnun.
Ólafur A. Jónsson, sviðstjóri Umhverfisstofnun.

Einnig var haft samband við

Birgi Gunnarsson bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og
Rebekku Hilmarsdóttur Bæjarstjóra Vesturbyggðar